



Frá afmæli kvennadeildar

Einsog fram kemur í leiðara Huldu Hjartardóttur í þessu tölublaði fagnaði kvennadeild Landspítala 70 ára afmæli í janúar og fagnaði því með heilsdags ræðuhöldum, veitingum og góðum gestum. Fyrri hluta dags var sögulegt yfirlit og seinni partinn var hátíðardagskrá. Við þetta tækifæri var stofnuð rannsóknarstofa í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. – Fjöldi manns heiðraði



kvennadeildina á þessum degi, Hringsalurinn var fleytifullur, og forsetahjónin hlýddu á alla dagskrána eftir hádegið. Bræðurnir Ómar og Óskar Guðjónssynir (sennilega báðir fæddir á Landspítalanum) blésu og léku nokkur lög í lokin. – VS

